

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 537/2009

2017/EES/24/09

frá 19. júní 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd þar sem tiltekna landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar til að setja meg þær á markað í Bandalaginu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 834/2007 hefur verið tekin saman skrá í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum ⁽²⁾ yfir þau þriðju lönd sem hafa framleiðslukerfi og eftirlitsráðstafanir fyrir lífræna framleiðslu sem viðurkennd eru sem jafngild. Í ljósi nýrra umsókna og upplýsinga, sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá þriðju löndum síðan skráin var síðast birt, skal íhuga að gera á henni tilteknar breytingar og bæta þeim upplýsingum við eða fella þær inn í skrána.
- 2) Yfirvöld í Ástralíu og Kostaríku hafa sent framkvæmdastjórninni beiðni um að bæta við nýjum eftirlits- og vottunaraðilum. Yfirvöld í Ástralíu og Kostaríku hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir til að sýna fram á að nýju eftirlits- og vottunaraðilarnir uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.
- 3) Gildistími skráningar Indlands í skránni, sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rennur út 30. júní 2009. Til að komast hjá röskun í viðskiptum þarf að framlengja skráningu Indlands. Yfirvöld á Indlandi hafa sent framkvæmdastjórninni beiðni um að bæta við fjórum nýjum eftirlits- og

vottunaraðilum. Indversk yfirvöld hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir til að sýna fram á að nýju eftirlits- og vottunaraðilarnir uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Indversk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi breytt heiti sínu.

- 4) Ísraelsk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi breytt heiti sínu.
- 5) Tilteknar landbúnaðarafurðir, sem fluttar eru inn frá Túnis, eru nú á markaði í Bandalaginu samkvæmt umbreytingarreglunum sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Túnis lagði fram beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að vera fært á skrána sem kveðið er á um í III. viðauka við þá reglugerð. Túnis lagði fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. þeirrar reglugerðar. Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við yfirvöld í Túnis, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu væru reglur um framleiðslu og eftirlit með landbúnaðarafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram vettvangseftirlit, sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að framleiðslureglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd á Túnis.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnáætlunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 159, 20.6.2009, bls. 6. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í textanum, sem varðar Ástralíu, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— AUS-QUAL Pty Ltd, www.ausqual.com.au“

2. Í textanum, sem varðar Kostaríku, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— Control Union Certifications, www.cuperu.com“

3. Textanum sem varðar Indland er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„— Aditi Organic Certifications Pvt. Ltd, www.aditicert.net

— APOF Organic Certification Agency (AOCA), www.aoca.in

— Bureau Veritas Certification India Pvt. Ltd, www.bureauveritas.co.in

— Control Union Certifications, www.controlunion.com

— ECOCERT India Private Limited, www.ecocert.in

— Food Cert India Pvt. Ltd, www.foodcert.in

— IMO Control Private Limited, www.imo.ch

— Indian Organic Certification Agency (Indocert), www.indocert.org

— ISCOP (Indian Society for Certification of Organic products), www.iscoporganiccertification.com

— Lacon Quality Certification Pvt. Ltd, www.laconindia.com

— Natural Organic Certification Association, www.nocaindia.com

— OneCert Asia Agri Certification private Limited, www.onecertasia.in

— SGS India Pvt. Ltd, www.in.sgs.com

— Uttaranchal State Organic Certification Agency (USOCA),
www.organicuttarakhand.org/products_certification.htm

— Vedic Organic certification Agency, www.vediccertification.com

— Rajasthan Organic Certification Agency (ROCA),
http://www.rajasthankrishi.gov.in/Departments/SeedCert/index_eng.asp“

- b) Í stað „2009“ í 7. lið komi „2014“.

4. Í textanum, sem varðar Ísrael, komi eftirfarandi í stað fjórða undirliðar í 5. lið:

„— Secal Israel Inspection and certification, www.skal.co.il“

5. Á eftir textanum, sem varðar Sviss, er eftirfarandi texta bætt við:

„TÚNIS

1. **Afurðaflokkar:**

- a) óunnar plöntuafurðir og plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,
- b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Túnis.

3. **Framleiðslustaðlar:** Lög nr. 99-30 frá 5. apríl 1999 sem tengjast lífrænum búskap; tilskipun landbúnaðar-ráðherra frá 28. febrúar 2001 um samþykkt á stöðluðum forskriftum fyrir ræktun nytjaplantna samkvæmt lífrænum aðferðum.

4. **Lögbært yfirvald:** Direction générale de la Production Agricole, www.agriportail.tn

5. **Eftirlitsaðilar:**

— Ecocert SA en Tunisie, www.ecocert.com

— Istituto Mediterraneo di Certificazione IMC, www.imcert.it

— BCS, www.bcs-oeko.com

— Lacon, www.lacon-institute.com

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2012.“
-

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 271/2010

2017/EES/24/10

frá 24. mars 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr 834/2007 að því er varðar kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 25. gr. (3. mgr.), 38. gr. (b-liður) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um að kennimerki Bandalagsins skuli vera meðal þeirra lögboðnu upplýsinga sem nota skal á umbúðir vara sem merktar eru með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr., og að notkun kennimerkisins sé valkvæð fyrir vörur sem eru fluttar inn frá þriðju löndum. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er heimilt að nota kennimerki Bandalagsins til merkingar kynningar og auglýsingar á vörum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þeirri reglugerð.
- 2) Reynsla af beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾, en í hennar stað kom reglugerð (EB) nr. 834/2007, hefur leitt í ljós að kennimerki Bandalagsins, en notkun þess hefur verið valfrjál, uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem rekstraraðilar í geiranum og neytendur gera.
- 3) Taka skal nýjar reglur varðandi kennimerkið upp í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit ⁽³⁾. Með þessum reglum skal heimilað að kennimerkið verði lagað betur að þróun í geiranum, einkum með því að auðvelda neytendum að bera kennsl á lífrænar vörur sem falla undir reglugerðir ESB varðandi lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 19. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

- 4) Í kjölfar gildistöku Lissabonsáttmálans telst rétt að skipta út tilvísun í „kennimerki Bandalagsins fyrir lífræna framleiðslu“ fyrir tilvísun í „kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu“.
- 5) Framkvæmdastjórnin efndi til samkeppni meðal list- og hönnunarnema í aðildarríkjunum í því skyni að safna tillögum að nýju kennimerki og óháð dómnafnd valdi og forgangsraðaði tíu bestu tillögnum. Að lokinni frekari athugun með hliðsjón af hugverkaréttindum voru þrjár bestu tillögurnar valdar og birtar á Netinu til umsagnar frá 7. desember 2009 til 31. janúar 2010. Tillagan að kennimerki sem meirihluti gesta vefsetursins valdi á því tímabili skal samþykkt sem nýtt kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu.
- 6) Breyting á kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu frá og með 1. júlí 2010 ætti ekki að valda neinum vandkvæðum á markaði og einkum ætti að heimila að lífrænar vörur sem þegar hafa verið settar á markað megi selja án þeirra lögboðnu upplýsingar sem krafist er skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að því tilskildu að viðkomandi vara sé í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007.
- 7) Í því skyni að hægt sé að taka kennimerkið í notkun um leið og notkun þess verður lögboðin í samræmi við löggjöf ESB og til að tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins, tryggja sanngjarna samkeppni og vernda hagsmuni neytenda var hið nýja kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu skráð sem heildarmerki fyrir lífrænan búskap hjá Hugverkaréttindastofu Benelúx-landanna og er þar af leiðandi gilt, nothæft og verndað. Kennimerkið verður einnig skráð innan Bandalagsins og í alþjóðlegar skrár.
- 8) Í 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 er mælt fyrir um að kenninúmer eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds skuli staðsetja beint fyrir neðan kennimerki Bandalagsins án sértækra upplýsinga um snið og úthlutun þessara númera. Í því skyni að koma á fót samhæfðri beitingu þessara kenninúmera skal setja ítarlegar reglur um snið og úthlutun þeirra.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrrsagnar I. kafla í III. bálki komi eftirfarandi:

„Kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu“.

2. Í stað 57. gr. komi eftirfarandi:

„57. gr.

Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu (hér á eftir nefnt „kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“) vera í samræmi við fyrirmyndina í A-hluta XI. viðauka við þessa reglugerð.

Aðeins skal nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu ef viðkomandi vara er framleidd í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og framkvæmdarreglugerðum hennar eða reglugerð (EB) nr. 834/2007 og kröfurnar í þessari reglugerð.

3. Eftirfarandi komi í stað b-, c- og d-liðar 1. mgr. 58. gr.:

„b) innihalda hugtak sem kemur á tengslum við lífrænu framleiðsluaðferðina, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, í samræmi við 2. lið B-hluta XI. viðauka við þessa reglugerð,

c) innihalda tilvísunarnúmer framkvæmdastjórnin skal ákvarða eða lögbært yfirvald í aðildarríkjunum í samræmi við 3. lið B-hluta XI. viðauka við þessa reglugerð og d) koma fram á sama sjónsviðinu og kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu ef kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu er notað í merkingunni.“

4. Í stað 9. og 10. mgr. 95. gr. komi eftirfarandi:

„9. Birgðir af vörum, sem eru framleiddar, pakkaðar og merktar fyrir 1. júlí 2010 í samræmi við annaðhvort reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007 má áfram setja á markað með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu þar til birgðir eru uppnar.

10. Heimilt er, í samræmi við annaðhvort reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007, að halda áfram að nota umbúðaefni fyrir vörur, sem eru settar á markað með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu, til 1. júlí 2012 ef varan uppfyllir að öðru leyti kröfur reglugerðar (EB) 834/2007.“

5. Í stað XI. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„XI. VIÐAUKI

A. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu sem um getur í 57. gr.

1. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu skal samræmast fyrirmyndinni hér að neðan:



2. Pantone-viðmiðunarliturinn er grænn (Pantone nr. 376) og grænn (50% blátt (cyan) + 100% gult) þegar notast er við fjögurra lita prentun.
3. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu má einnig nota í svarthvítu, eins og sýnt er hér, en þá aðeins í þeim tilvikum þar sem notkun þess í lit er óhentug:



4. Ef bakgrunnslitur umbúðanna eða vörumiðans er dökkur má nota táknin negatíf með sama bakgrunnslit og umbúðimar eða vörumiðinn.
5. Ef tákn er notað í lit eða á lituðum bakgrunni sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá það er heimilt að nota afmarkandi línu utan um táknid til að auka andstæður við bakgrunnslitina.
6. Í tilteknum, sértækum aðstæðum þegar einlitar merkingar eru á umbúðunum má nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu í sama lit.
7. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu verður að vera minnst 9 mm á hæð og minnst 13,5 mm á breidd og skal hlutfall hæðar/breiddar alltaf vera 1:1,5. Í undantekningartilvikum má lágmarksstærð vera allt niður í 6 mm þegar um mjög smágerðar umbúðir er að ræða.
8. Kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu má nota í tengslum við mynd- eða textaeyningar sem vísa til lífræns búskapar, með því skilyrði að slíkar einingar valdi hvorki breytingum á eðli kennimerkis ESB fyrir lífræna framleiðslu né á neinum þeim upplýsingum sem um getur í 58. gr. Þegar kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu er notað í tengslum við landsbundin kennimerki eða kennimerki einkaaðila í grænum lit sem er frábrugðinn viðmiðunarlitnum, sem um getur í 2. lið, má nota kennimerki ESB í þeim lit þótt hann sé ekki viðmiðunarlitur.
9. Notkun kennimerkis ESB fyrir lífræna framleiðslu skal vera í samræmi við reglurnar sem fylgja skráningu þess sem heildarmerki fyrir lífrænan búskap hjá Hugverkaréttindastofu Benelúx-landanna og í vörumerkjaskrárm í Bandalaginu og alþjóðlegum vörumerkjaskrárm.

B. Kenninúmer sem um getur í 58. gr.

Almennt snið kenninúmera skal vera eftirfarandi:

AB-CDE-999

þar sem:

1. „AB“ er ISO-kóðinn eins og hann er tilgreindur í a-lið 1. mgr. 58. gr. fyrir það land þar sem eftirlit fer fram og 2. „CDE“ er hugtak sem samanstendur af þremur bókstöfum sem framkvæmdastjórnin eða hvert aðildarríki fyrir sig ákveður, svo sem „bio“ eða „öko“ eða „org“ eða „eko“, og sem kemur á tengslum við lífræna framleiðsluáðferð eins og tilgreint er í b-lið 1. mgr. 58. gr. og 3. „999“ er tilvísunarnúmerið, gefið upp með að hámarki þremur tölustöfum, sem skal úthluta, eins og tilgreint er í c-lið 1. mgr. 58 gr., af:
 - a) lögbæru yfirvaldi innan hvers aðildarríkis til þeirra eftirlitsyfirvalda eða -aðila sem yfirvaldið hefur falið eftirlitsstörf í samræmi við 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,
 - b) framkvæmdastjórninni til:
 - i. eftirlitsyfirvalda og -aðila sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 (*) og sem talin eru upp í I. viðauka við þá reglugerð,
 - ii. lögbærra yfirvalda eða eftirlitsaðila í þriðju löndum sem um getur í f-lið 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og sem taldir eru upp í III. viðauka við þá reglugerð,
 - iii. eftirlitsyfirvalda og -aðila sem um getur í a-lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og sem talin eru upp í IV. viðauka við þá reglugerð,
 - c) lögbæru yfirvaldi í hverju aðildarríki til eftirlitsyfirvalda eða -aðila sem hafa fengið heimild fram að 31. desember 2012 til að gefa út skoðunarvottorð í samræmi við fjórðu undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 (innflutningsleyfi), að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal gera kenninúmerin aðgengileg almenningi með hvers kyns viðeigandi tækni, þ.m.t. útgáfu á Netinu.

(*) Stjóð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 471/2010

2017/EES/24/11

frá 31. maí 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd þar sem tiltekna landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar til að setja megi þær á markað í Sambandin (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

sýna fram á að hinn endurskipulagði eftirlitsaðili uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hefur verið tekin saman skrá í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum ⁽²⁾ yfir þau þriðju lönd sem hafa framleiðslukerfi og eftirlitsráðstafanir fyrir lífræna framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem viðurkennd eru sem jafngild því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Í ljósi nýrrar umsóknar og upplýsinga, sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá þriðju löndum síðan skráin var síðast birt, skal íhuga að gera á henni tiltekna breytingar og bæta þeim upplýsingum við eða fella þær inn í skrána.

2) Áströlsk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi endurskipulagt starfsemi sína og breytt heiti sínu. Áströlsk yfirvöld hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir til að

3) Tiltekna landbúnaðarafurðir, sem fluttar eru inn frá Japan, eru nú á markaði í Sambandinu samkvæmt um-breytingarreglunum sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Japan sendi framkvæmdastjórninni beiðni um að það yrði fært á skrána, sem kveðið er á um í III. viðauka við þá reglugerð, og sendi inn upplýsingarnar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. reglugerðarinnar. Athugun á þessum upplýsingum og við-ræður við yfirvöld í Japan, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu væru reglur um fram-leiðslu og eftirlit með lífrænni framleiðslu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framkvæmdastjórnin hefur framkvæmt vettvangseftirlit, sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að framleiðslu-reglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd í Japan. Þar af leiðandi skal framkvæmdastjórnin færa Japan á skrána sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnáætlunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 134, 1.6.2010, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í textanum, sem varðar Ástralíu, komi eftirfarandi í stað 4. undirliðar í 5. lið:

„— NASAA Certified Organic (NCO), www.nasaa.com.au“.

2. Á eftir textanum, sem varðar Ísrael, er eftirfarandi texta bætt við:

„JAPAN

1. **Afurðaflokkar:**

- a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,
- b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Japan.

3. **Framleiðslustaðlar:** Japanese Agricultural Standard for Organic Plants (Notification No 1605 of the MAFF of October 27, 2005), Japanese Agricultural Standard for Organic Processed Foods (Notification No 1606 of MAFF of October 27, 2005).

4. **Lögbær yfirvöld:** Labelling and Standards Division, Food Safety and Consumer Affairs Bureau, Ministry of Agriculture, Forestry and Fisheries, www.maff.go.jp/j/jas/index.html og Food and Agricultural Materials Inspection Center (FAMIC), www.famic.go.jp

5. **Eftirlitsaðilar:**

- Hyogo prefectural Organic Agriculture Society (HOAS), www.hyoyuken.org
- AFAS Certification Center Co., Ltd, www.afasseq.com
- NPO Kagoshima Organic Agriculture Association, www.koaa.or.jp
- Center of Japan Organic Farmers Group, www.yu-ki.or.jp
- Japan Organic & Natural Foods Association, <http://jona-japan.org/organic>
- Ecocert-QAI Japan Ltd, <http://ecocert.qai.jp>
- Japan Certification Services, Inc., www.pure-foods.co.jp
- OCIA Japan, www.ocia-jp.com
- Overseas Merchandise Inspection Co., Ltd, www.omicnet.com/index.html.en
- Organic Farming Promotion Association, www3.ocn.ne.jp/~yusuikyo
- ASAC Stands for Axis' System for Auditing and Certification and Association for Sustainable Agricultural Certification, www.axis-asac.net
- Environmentally Friendly Rice Network, www.epfnetwork.org/okome
- Ooita Prefecture Organic Agricultural Research Center, www.d-b.ne.jp/oitayuki

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2013.“
-

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 344/2011****2017/EES/24/12****frá 8. apríl 2011**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 25. gr. (3. mgr.), 38. gr. (b-liður) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um að kennimerki Evrópusambandsins um lífræna framleiðslu („kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“) sé meðal lögboðnu upplýsinganna, sem nota skal að því er varðar forþökkuð matvæli sem merkt eru með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu aðferðar, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr., en notkun kennimerkisins er valkvæð að því er varðar þessar vörur sem fluttar eru inn frá þriðju löndum. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er heimilt að nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu til merkingar, kynningar og auglýsingar á öðrum vörum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þeirri reglugerð.
- 2) Veita skal neytendum tryggingu fyrir því að lífrænar vörur hafi verið framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽²⁾. Í því skyni er rekjanleiki hvernar vöru, sem ber kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu, á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, mikilvægur þáttur. Því telst gagnlegt að greina skýrar frá því að einungis rekstraraðilum fyrirtækja, sem falla undir eftirlitskerfi með lífrænum búskap, sé heimilt að nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu í merkingar.
- 3) Skráning á kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu sem vörumerki, í skrár Sambandsins og alþjóðlegar skrár, er óháð reglum reglugerða (EB) nr. 834/2007 og

(EB) nr. 889/2008 sem gilda um notkun kennimerkisins. Til að óhæði þessara reglna sé skýrt skal fjarlægja tenginguna á milli þessara reglugerða og allra skráninga.

- 4) Eftir breytingarnar á merkingarkerfinu fyrir lífræna framleiðslu, og þar sem beðið er eftir að sértækar Sambandsreglur um lífræna vínframleiðslu verði teknar upp, ríkti mikil óvissa innan geirans varðandi möguleika þess að framleiða vín með vísun í lífræna framleiðslu. Til að leyfa sölu á víni, sem framleitt er á vínárunum 2010/11 og 2011/12 úr lífrænum þrúgum, án lögboðnu upplýsinganna, sem krafist er í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, er nauðsynlegt að framlengja umbreytingartímabilið, sem sett er fram í 8. og 9. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008, varðandi tiltekin ákvæði um merkingar fyrir slíkar vörur, fram til 31. júlí 2012, að því tilskildu að vörurnar sem um ræðir séu í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽³⁾ eða reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framlenging umbreytingartímabilsins skal taka gildi 1. júlí 2010.
- 5) Að loknu mati Matvælaöryggisstofnunar Evrópu á notkun rósarínkjarna sem matvælaaukefni ⁽⁴⁾ var heimilt að nota „rósarínkjarna“ sem þráavarnarefni og hann tilgreindur sem E-númer í D-hluta III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni ⁽⁵⁾. Því er nauðsynlegt að heimila notkun rósarínkjarna sem aukefni í matvælum við vinnslu lífrænna matvæla, sé hann notaður sem slíkur, með því að fella vöruna inn í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 96, 9.4.2011, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 721, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. í stað annarrar málsgreinar 57. gr. komi eftirfarandi:

„Rekstraraðilar sem uppfylla kröfurnar um eftirlitskerfið, sem um getur í 27., 28., 29., 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skulu einungis nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu við merkingar ef viðkomandi vara er framleidd í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 834/2007, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 (*) og þessarar reglugerðar.

(*) Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.“

2. eftirfarandi 10. mgr. a bætist við 95. gr.:

„10.a Að því er varðar vín skal umbreytingartímabilið sem um getur í 8. mgr. renna út 31. júlí 2012.

Birgðir af víni, sem er framleitt, pakkað og merkt fyrir 31. júlí 2012 annaðhvort í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eða reglugerð (EB) nr. 834/2007, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppnar.“,

3. í A-þætti VIII. viðauka bætist eftirfarandi lína við á eftir matvælaaukefninu E 341 (i) (einkalsíumfosfat):

„B	E 392*	Rósmarín-kjarni	X	X	Einungis þegar hann er fenginn úr lífrænni framleiðslu og ef einungis etanol er notað við útdráttinn.“
----	--------	-----------------	---	---	--

4. Ákvæði 9. liðar A-hluta XI. viðauka falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þó skulu ákvæði 2. liðar 1. gr. gilda frá og með 1. júlí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 426/2011****2017/EES/24/13****frá 2. maí 2011**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um að kennimerki Evrópusambandsins um lífræna framleiðslu („kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu“) sé meðal lögboðnu upplýsinganna, sem nota skal að því er varðar forþökkuð matvæli sem merkt eru með hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðsluaðferðar, eins og um getur í 1. mgr. 23. gr., en notkun kennimerkisins er valkvæð að því er varðar þessar vörur sem fluttar eru inn frá þriðju löndum. Veita skal neytendum tryggingu fyrir því að lífrænar vörur hafi verið framleiddar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽²⁾. Í því skyni er rekjanleiki hverrar vöru, sem ber kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu, á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, mikilvægur þáttur.

2) Til að gefa neytendum kost á því að fá upplýsingar um rekstraraðilana og vörur þeirra, sem falla undir eftirlitskerfið með lífrænum búskap, skulu aðildarríki sjá til þess, á viðeigandi hátt, að viðkomandi upplýsingar um rekstraraðilana, sem heyra undir þetta kerfi, séu tiltækar, en jafnframt virða kröfurnar um vernd persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽³⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 3.5.2011, bls. 1. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 8. kafla IV. bóls reglugerðar (EB) nr. 889/2008 bætist við eftirfarandi 92. gr. a:

„92. gr. a

Birting upplýsinga

Aðildarríkin skulu gera uppfærðu skrárnar, sem um getur í 5. mgr. 28. gr. í reglugerð (EB) nr. 834/2007, aðgengilegar almenningi á viðeigandi hátt, þ.m.t. með birtingu á Netinu, sem innihalda uppfærð skrifleg sönnunargögn sem tengjast hverjum rekstraraðila, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar, og notast við fyrirmyndina sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð. Aðildarríkin skulu á viðeigandi hátt virða kröfurnar um vernd persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (*).

(*) Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Þó skal 1. gr. gilda frá og með 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 590/2011****2017/EES/24/14****frá 20. júní 2011**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ⁽²⁾ er settur fram tiltölulega stuttur frestur fyrir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld til að senda inn umsóknir sínar um viðurkenningu að því er varðar samræmi skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Þar sem engin reynsla af beinni beitingu á reglum Sambandsins um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara utan yfirráðasvæðis þess er fyrir hendi skal veita eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum, sem óska eftir að vera færð á skrána yfir samræmi, lengri frest.
- 2) Í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hefur verið tekin saman skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 yfir þau þriðju lönd sem hafa framleiðsluferfi og eftirlitsráðstafanir fyrir lífræna framleiðslu á landbúnaðarafurðum sem viðurkennd eru sem jafngild því sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Í ljósi nýrra umsókna og upplýsinga, sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá þriðju löndum síðan skráin var síðast birt, skal íhuga að gera á henni tilteknar breytingar og aðlaga hana í samræmi við það.
- 3) Tilteknar landbúnaðarafurðir, sem fluttar eru inn frá Kanada, eru nú á markaði í Sambandinu samkvæmt umbreytingarreglunum sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Kanada lagði fram beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að vera fært á skrána sem kveðið er á um í III. viðauka við þá reglugerð. Kanada lagði fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 7. og 8. gr. þeirrar reglugerðar. Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við yfirvöld í Kanada, sem

fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í landinu væru reglur um framleiðslu og eftirlit með landbúnaðarafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007. Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram vettvangseftirlit, sem kveðið er á um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, með því að framleiðslureglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd í Kanada.

- 4) Yfirvöld í Kostaríku, á Indlandi, í Ísrael, Japan og Túnis hafa beðið framkvæmdastjórnina um að færa nýju eftirlits- og vottunaraðilana á skrána og hafa látið framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar ábyrgðir fyrir því að þeir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.
- 5) Gildistími skráningar Kostaríku og Nýja-Sjálands í skránni, sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rennur út 30. júní 2011. Til að komast hjá röskun í viðskiptum þarf að framlengja skráningu Kostaríku og Nýja-Sjálands. Í ljósi fenginnar reynslu skal framlengja skráninguna í ótakmarkaðan tíma.
- 6) Í kjölfar nýlegrar sameiningar ráðuneytis landbúnaðar og skógarnytja og Matvælaöryggisstofnunar Nýja-Sjálands sendi Nýja-Sjáland inn ritstjórnarlegar breytingar á viðkomandi forskriftum sem gefnar eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 4. gr. komi „31. október 2014“ í stað „31. október 2011“.
- 2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Á eftir textanum, sem varðar Ástralíu, er eftirfarandi texta bætt við:

„KANADA

1. Vöruflokkar:

- a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,
- b) unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli,
- c) fóður.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Kanada.

3. **Framleiðslustaðlar:** Reglugerð um lífrænar vörur.

4. **Lögbær yfirvöld:** Canadian Food Inspection Agency (CFIA), www.inspection.gc.ca

5. Eftirlitsaðilar:

- Atlantic Certified Organic Cooperative Limited (ACO), www.atlanticcertifiedorganic.ca
- British Columbia Association for Regenerative Agriculture (BCARA), www.certifiedorganic.bc.ca
- Certification Services Limited Liability Company (CCOF), www.ccof.org
- Centre for Systems Integration (CSI), www.csi-ics.com
- Consorzio per il Controllo dei Prodotti Biologici Società a responsabilità limitata (CCPB SRL), www.ccpb.it
- Control Union Certifications (CUC), www.controlunion.com
- Ecocert Canada, www.ecocertcanada.com
- Fraser Valley Organic Producers Association (FVOPA), www.fvopa.ca
- Global Organic Alliance, www.goa-online.org
- International Certification Services Incorporated (ICS), www.ics-intl.com
- LETIS SA, www.letis.com.ar
- Oregon Tilth Incorporated (OTCO), <http://tilth.org>
- Organic Certifiers, www.organiccertifiers.com
- Organic Crop Improvement Association (OCIA), www.ocia.org/
- Organic Producers Association of Manitoba Cooperative Incorporated (OPAM), www.opam-mb.com
- Pacific Agricultural Certification Society (PACS), www.pacscertifiedorganic.ca
- Pro-Cert Organic Systems Ltd (Pro-Cert), www.ocpro.ca/
- Quality Assurance International Incorporated (QAI), www.qai-inc.com
- Quality Certification Services (QCS), www.qcsinfo.org
- Organisme de Certification Québec Vrai (OCQV), www.quebecvrai.org
- SAI Global Certification Services Limited, www.saiglobal.com

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2014.“

2) Í textanum, sem varðar Kostaríku, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:

„— Mayacert, www.mayacert.com“

3) Í textanum, sem varðar Kostaríku, komi eftirfarandi í stað 7. liðar:

„7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.“

- 4) Í textanum, sem varðar Indland, er eftirfarandi undirliðum bætt við í 5. lið:
- „— Chhattisgarh Certification Society (CGCERT), www.cgcert.com
 - Tamil Nadu Organic Certification Department (TNOCD), www.tnocd.net
 - TUV India Pvt. Ltd, www.tuvindia.co.in/0_mngmt_sys_cert/orgcert.htm
 - Intertek India Pvt. Ltd, www.intertek.com“
- 5) Í textanum, sem varðar Ísrael, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:
- „— LAB-PATH Ltd, www.lab-path.co.il“
- 6) Í textanum, sem varðar Japan, er eftirfarandi undirliðum bætt við í 5. lið:
- „— AINO, www.ainou.or.jp/ainohtm/disclosure/nintei-kouhyou.htm
 - SGS Japan Incorporation, www.jp.sgs.com/ja/home_jp_v2.htm
 - Ehime Organic Agricultural Association, www12.ocn.ne.jp/~aiyuken/ninntei20110201.html
 - Center for Eco-design Certification Co. Ltd, <http://www.eco-de.co.jp/list.html>
 - Organic Certification Association, www.yuukinin.jimdo.com
 - Japan Eco-system Farming Association, www.npo-jefa.com
 - Hiroshima Environment and Health Association, www.kanhokyo.or.jp/jigyo/jigyo_05A.html
 - Assistant Center of Certification and Inspection for Sustainability, www.accis.jp
 - Organic Certification Organization Co. Ltd, www.oco45.net“
- 7) Í textanum, sem varðar Túnis, er eftirfarandi undirlið bætt við í 5. lið:
- „— Istituto per la certificazione etica e ambientale (ICEA), www.icea.info“
- 8) Í textanum, sem varðar Nýja-Sjáland, kemur „MAF Official Organic Assurance Programme Technical Rules for Organic Production“ í stað „MAF Food Official Organic Assurance Programme“ í 2. lið.
- 9) Í textanum, sem varðar Nýja-Sjáland, komi eftirfarandi í stað 3. til 7. liðar:
- „3. **Framleiðslustaðlar:** MAF Official Organic Assurance Programme Technical Rules for Organic Production.
 - 4. **Lögbært yfirvald:** Ministry of Agriculture and Forestry (MAF), <http://www.foodsafety.govt.nz/industry/sectors/organics/>
 - 5. **Eftirlitsaðilar:**
 - AsureQuality Limited, www.organiccertification.co.nz
 - BioGro New Zealand, www.biogro.co.nz
 - 6. **Yfirvald sem gefur út vottorð:** Ministry of Agriculture and Forestry (MAF)
 - 7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur“.
-

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1084/2011**

2017/EES/24/15

frá 27. október 2011

**um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd
reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða
frá þriðju löndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní
2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og
niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr.
33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar
(EB) nr. 1235/2008 ⁽²⁾ er kveðið á um að skráin yfir
viðurkennd þriðju lönd skuli innihalda allar
nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvert þriðja
land til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem
settar eru á markað í Sambandinu hafi fallið undir
eftirlitskerfi viðkomandi þriðja lands sem hefur hlotið
viðurkenningu í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar
(EB) nr. 834/2007. Túnis hefur sent breytingu á
forskriftunum sem kveðið er á um í III. viðauka við
reglugerð (EB) nr. 1235/2008 í kjölfar myndunar nýrrar
stofnunar um lífrænan búskap, innan landbúnaðar-
ráðuneytisins, sem er nú er orðið nýtt, lögbært yfirvald
sem ber ábyrgð á eftirlitskerfinu í Túnis.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(ESB) nr. 590/2011 ⁽³⁾ var nýjum texta sem varðar
Kanada bætt inn í III. viðauka við reglugerð (EB)
nr. 1235/2008. Í 1. lið þess texta, „Vörflokkar“, er villa
sem felst í því að setja fram sérstakan c-lið, „fóður“,
sem einn af þessum flokkum þegar liðurinn fjallar í
raun um eina mögulega notkun á „unnum
landbúnaðarafurðum“ sem um getur í b-lið 1. liðar
umrædds texta.
- 3) Kanada upplýsti framkvæmdastjórnina um að í skránni
yfir eftirlitsaðila sem er í III. viðauka við reglugerð (EB)
nr. 1235/2008 sé önnur villa þar sem eftirlitsaðilarnir
„Control Union Certifications“ hafi ekki heimild frá
matvælaeftirlitsstofnun Kanada (e. *Canadian Food
Inspection Agency*) til að veita vottunarpjónustu í
Kanada.

- 4) Því ber að breyta og leiðrétta reglugerð (EB)
nr. 1235/2008 til samræmis við þetta.
- 5) Vegna réttarvissu skulu leiðréttingarákvæðin í þessari
reglugerð gilda frá gildistökudegi reglugerðar (ESB) nr.
590/2011.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um
lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

BreytingaákvæðiEftirfarandi komi í stað 4. liðar í textanum varðandi Túnis í
III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008:„4. **Lögbært yfirvald:** Direction générale de l'Agricul-
ture Biologique (Ministère de l'Agriculture et de
l'Environnement); www.agriportail.tn“.

2. gr.

LeiðréttingarákvæðiTextanum varðandi Kanada í III. viðauka við reglugerð (EB) nr.
1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 1. liðar:

„b) unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli og
fóður.“

- 2) Sjötti undirliður 5. liðar, „Control Union Certifications
(CUC), www.controlunion.com“, falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði 2. gr. gilda hins vegar frá 28. júní 2011.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 281, 28.10.2011, bls. 3.
Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður
birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(²) Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25.

(³) Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 9.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1267/2011****2017/EES/24/16****frá 6. desember 2011****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar
ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju
löndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ⁽²⁾ skal framkvæmdastjórnin gera skrá yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi og skal hún birta skrána í IV. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur athugað beiðnir um færslu á skrána sem bárust fyrir 31. október 2009 og hefur aðeins tekið til greina fullgerðar beiðnir. Viðkomandi eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld voru beðin um að leggja fram viðbótarupplýsingar innan tveggja mánaða til að gera framkvæmdastjórninni kleift að sannreyna hvort þau uppfylli kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Eingöngu skal færa þá eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu eftir athugun á öllum mótteknum upplýsingum að þau stæðust þessar kröfur, í skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.
- 3) Þar eð fjöldi eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda, sem hafa lagt fram beiðnir, voru beðin um að leggja fram viðbótarupplýsingar, tók það lengri tíma en fyrirhugað var að meta beiðnirnar og taka saman fyrstu skrána. Í ljósi reynslunnar skal heimila aðildarríkjum að veita áfram innflutningsleyfi en þau leyfi skulu hafa takmarkaðan gildistíma og veita skal aðildarríkjunum lengri tíma þar sem þau geta haldið áfram að veita viðkomandi leyfi.
- 4) Við mat á beiðnum geta komið upp vandamál varðandi skilning á þeim aðstæðum sem verða þess valdandi að fella má eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald brott af skránni

skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Til að forðast frekari erfiðleika er nauðsynlegt að útlista nánar hverjar þær aðstæður eru. Hins vegar skal þessi nánari útlistun ekki leggja neinar nýjar skyldur á eftirlitsaðilana eða eftirlitsyfirvöldin.

